



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Sólborg

Starfsáætlun 2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjórnar	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	4
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	9
4.	Starfspróunarsamtöl.....	13
5.	Fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans	14
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	14
7.	Foreldrasamstarf	14
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15
9.	Þróunarverkefni.....	16
10.	Fylgiskjöl:	17
10.1	Innra mat yngri og eldri deilda 2025-2026	17
10.1.1	Styrkleikar yngri og eldri deilda	17
10.2	Umbótaáætlun yngri deildar 2026-2027	18
11.	Umsögn foreldraráðs.....	21





1. Greinargerð leikskólastjórnar

Í leikskólanum Sólborg er tekið á móti þér með bros á vör og hendur á lofti. Skólinn er almennur leikskóli með sérhæfingu í íslensku táknmál (ÍTM) og er skólinn því tvítyngdur. Megináhersla er lögð á að börnin geti leikið sér og tjáð sig bæði á íslensku og/eða íslensku táknmáli og að aðgengi barna að tungumálunum sé jöfn og stuðli þannig að öruggu og aðgengilegu málumhverfi fyrir öll börn.

Á liðnum vetri höfum við sérstaklega hlúið að málvitundinni á Sólborg og lagt áherslu á að skapa börnunum sem bestan grunn í náms- og málumhverfi. Markmiðið hefur verið að efla tjáningu, samskipti og þátttöku barnanna í daglegu starfi leikskólans með fjölbreyttum leiðum.

Stjórnendur hafa einnig lagt sérstaka áherslu á að efla tengsl við aðra leikskólastjórnendur í Vesturmiðstöð, það hefur reynst bæði gefandi og ánægjulegt samstarf. Þá styrktum við einnig tengsl okkar við döff samfélagið með fjölbreyttum samvinnuverkefnum, m.a. bjóða húsaskjól fyrir fundi foreldrafélags döff barna, samvinnuverkefni í samstarfi við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) við gerð táknmálsbókar og söguskjóðu um Gullbrá og birnina þrjá. Starfsfólk Sólborgar, með þekkingu í læsi barna sem og myndlist, hafa komið að gerð verkefnisins í samvinnu við SHH. Það er okkur sönn ánægja að halda áfram þróunarvinnu í námsgagnagerð og efla þannig læsi allra barna. Leikskólinn hefur þegar skipulagt samstarf um næstu bók sem er ætluð yngstu börnunum og fjallar um dýrin okkar, táknmálsbók. Það er mikil tilhlökkun að halda áfram að búa til námsgögn til að styrkja læsi fyrir leikskólabörn.

Í lok skólaársins kveðjum við Regínu Rögnvaldsdóttur sem hefur starfað í Sólborg frá árinu 1995. Regína hefur verið sannkallaður brautryðjandi í kennslu heyrnarlausra og heyrnarskertra barna á leikskólaaldri og starfað í Sólborg frá 1995. Hún átti frumkvæði að stofnun ráðgjafaskólans sem þjónustar leikskóla á landsvísi, þar sem þjónustan styður við þarfir táknmálsbarna á leikskólaaldri, fjölskyldur þeirra og starfsfólk leikskóla í heimabyggð. Framlag hennar til menntunar, jafnréttis og þróunar þjónustu við börn með heyrnarskerðingu hefur verið ómetanleg og áhrif hennar munu lifa áfram um ókomin ár. Við þökkum Regínu innilegar fyrir óeigingjarnt starf, eldmód og fagmennsku í gegnum árin og óskum henni velfarnaðar á nýjum tímamótum.

Starfsemi Sólborgar byggir áfram á virðingu, þátttöku og fjölbreyttum samskiptum þar sem markmiðið er að skapa börnum öruggt og uppbyggilegt umhverfi til náms og þroska. Á vormánuðum kláruðum við Regnbogavottun Reykjavíkurborgar sem er liður í að leggja áherslu á kærleiksríkt umhverfi og koma í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks. Það er ósk okkar að samfélagið í Leikskólanum Sólborg verði áfram vettvangur þar sem einkunnarorð skólans; virðing, leikni og samvinna fá rými til að njóta sín og blómstra.

Margrét Gígja Þórðardóttir
Leikskólastjóri í Sólborg

Ingibjörg Vilbergisdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri í Sólborg





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Hvað var metið?	Samstarf milli deilda, tvær yngri og tvær eldri deildir
Hvernig fór matið fram?	Fundir deildastjóra á þeim deildum sem voru í samstarfi
Hverjir tóku þátt í matinu?	Deildastjórar, starfsfólk og börn
Helstu niðurstöður mats	Samstarf hefur gengið vel. Styrkleikar: Vinadagur gekk vel, starfsfólk og börn sátta með þetta fyrirkomulag. Börnin orðin sátta, stoppa lengur við og fara örugg á milli. Starfsfólk duglegt að dreifa sér. Tækifæri: Gera meira úr vinadögum, hafa vina þema. Borða saman ávexti í salnum og syngja saman vinalög.

Hvað var metið?	Teymisvinna
Hvernig fór matið fram?	Á fundum í hverju teymi fyrir sig.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk í hverju teymi fyrir sig. Það eru sérkennsluteymi, Fjölmennningar- og regnbogateymi, táknmálsteymi, leikskólateymi og skemmtinefnd
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<u>Leikskólateymi</u>: Gott að funda saman, hittumst 4 sinnum yfir skólaárið. Mætti vera oftar. Deildastjórar hittast á vikulegum fundum allt starfsárið. <u>Sérkennsluteymi</u>: Teymisfundirnir mikilvægir þar sem sótt er í skoðanarskipti, reynslu, þekkingu og stuðning. Skoða og notaðar voru ýmsar verkfærakistur. Allir sammála um að mátturinn er inn á deild með barnahópnum. Ánægja með að vinadaginn í stað opna dagskipulagið út frá málumhverfinu. Tækifæri til umbóta: kynna einstaklingnámskrá og markmið barnanna á starfsmannafundum að hausti. Einnig er nauðsynlegt að koma upplýsingum frá lausnarteymisfundum til starfsmanna. <u>Fjölmenningarteymi/regnbogateymi</u>: Styrkleikar: Tekist vel að hafa skilvirkt eftirlit með máltöku barna með





	íslensku sem annað tungumál og fjöltyngd börn. Unnið að Gefðu 10, fylgst er með framförum í íslensku með skráningum í: „Ég um mig“ lista Sólborgar, orðaforðalista, Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla og Hljóm 2. Tækifæri til umbóta: Regnbogateymið verður sitt eigið teymi á næsta skólaári. <u>Táknmálsteymi:</u> Styrkleikar: Ánægja með alþjóðlega döff daginn og að hittast reglulega. Vilja halda áfram á sömu braut en byrja fyrr undirbúning fyrir. Starfsfólk duglegra að vera upp með hendur og finna döff starfsmenn fyrir betri færni þeirra heyrandi eftir að markviss táknmálskennsla fór að vera hluti af starfinu. Tækifæri: halda áfram að gera táknamyndir og hafa sýnilegar um skólann. Halda áfram með markvissa táknmálskennslu starfsfólks. <u>Skemmtinefnd:</u> sá um hópefli og aðrar skemmtanir fyrir starfsfólkið utan vinnutíma. Einnig hafði nefndin yfirumsjón með sumarhátíð leikskólans. Það gekk vel og nauðsynlegt að hafa reglulegt hópefli og hittinga fyrir utan vinnu til að gleðjast og njóta saman.
--	--

Hvað var metið?	Opið dagskipulag
Hvernig fór matið fram?	Deildarfundir, endurmat á starfi með reglulegu millibili yfir skólaárið (sjálfsprottinn leikur og skapandi starf, valdefling barna, samvinna, mannauður).
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendur, deildastjórar, starfsfólk og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Breytingar voru gerðar á opinn skóli í vetur. Breytingar voru gerðar þar sem áhyggjur voru að erfitt væri að tryggja gott málumhverfi allra barna. Starfsfólk upplifði að ekki rétti afslappað andrúmsloft á morgnanna þar sem áhugi barna hafði minnkað og þau upplifðu kvöð að hafa opið dagskipulag á hverjum degi. Yngri hópur á





	elstu deild langaði ekki að taka þátt lengur. Yngstu börn skólans voru fyrri hluta árs í aðlögun að leikskólastarfi og því inn á sinni deild og því var sú deild lokuð af frá opnu dagskipulagi á meðan. Eftir áramót tóku yngstu börnin þátt en áttu ekki samleið í leik með þeim eldri. Því var ákveðið að endurskoða skipulagið til að koma til móts við þarfir og vilja barnanna og málumhverfi barnanna skoðað í heild sinni. <u>Styrkleikar:</u> Eftir breytingar varð meiri ró innan leikskólans á morgnanna og almenn ánægja. Hægt var að halda betur utan um málumhverfi barna. Börnin eru áhugasamari að leika á milli stofa á vinadegi. <u>Tækifæri:</u> minna á að það má heimsækja aðra deildir þó að ekki sé vinadagur.
--	--

Hvað var metið?	Þemavikur, Tröllapema og Gamli tíminn
Hvernig fór matið fram?	Deildarfundir, endurmatsfundir.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendur, deildastjórar, starfsfólk deilda og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<u>Styrkleikar:</u> skemmtileg verkefni (tröll & gamli tíminn), tenging við Þorra og Góu var vel heppnað. Elstu barnapema með Þúsaldarljóð er orðið ómissandi hluti starfsins á elstu deild. Börnunum þótti það skemmtilegt verkefni. Eins var skemmtilegt að taka þátt í Barnamenningarhátíðinni í Hörpu. <u>Tækifæri til umbóta:</u> Miða þemaverkefni út frá mism. þroska og aldri. Leggja áherslu á félagsfærni í þemavinnu að hausti. Samvinna aukin milli deilda á svipuðum aldri og þroska. Þemavinna skráð betur með tilliti til skólanámskrá.





Hvað var metið?	Íslenskt táknmál - ÍTM
Hvernig fór matið fram?	Rýnt í daglega táknálsnotkun starfsfólks og barna, sýnileiki táknmáls inn á deildum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendur og deildastjórar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<u>Styrkleikar:</u> aukin sýnileiki og fyrirmynd í íslensku táknmáli er nauðsynlegur í tvítyngdu málumhverfi barna. Fleiri myndir prentaðar út til að sýna tákn og myndir hefur sýnt sig að það virkar bæði gangvart börnum, starfsfólki og foreldrum. Táknmálsnámskeið fyrir starfsfólkið hefur gert það að verkum að kunnátta eykst jafnt og þétt. Táknmálskunnátta allra barna hefur gengið vel með táknmálstundum og sögulestri á ÍTM. <u>Tækifæri:</u> skrá með markvissum hætti kennslumarkmið fyrir táknmálstundir barna.

Hvað var metið?	Matsalur - heimilisfræði
Hvernig fór matið fram?	Á fundum með matráði, deildastjórum og stjórnendum
Hverjir tóku þátt í matinu?	matráði, deildastjórum og stjórnendum
Helstu niðurstöður mats	Verkefnið var bæði fræðandi og mikill áhugi var hjá börnunum að fá að vinna í eldhúsinu með Vanessu og Sylwiu. Verkefnið er hluti af tilraunaverkefni fyrir elstu börn (útskritarbörnin). Kennt var einu sinni í viku (ca. 30 mín.) í eldhúsi skólans og voru börnin í litlum hópum. Lögð áhersla á að ganga vel um og sýna hreinlæti við störf í eldhúsinu. Börnin fengu verklega þjálfun í heimilisfræði og frágangi en einnig þjálfun í að vinna með öðrum. Ekkert sérstakt námsmat fór fram annað en hvernig smakkaðist. Tækifæri til að halda áfram og gera þetta hluta af starfi elstu barnanna.





Hvað var metið?	Þróunarverkefni: Læsi á íslensku táknmáli, Gullbrá og birnir þeir, táknmálsbók
Hvernig fór matið fram?	Á fundum teymisins
Hverjir tóku þátt í matinu?	Sérgreinastjóri íslenska táknmálsins, leikskólakennari og leikskólakennaranemi
Helstu niðurstöður mats	Mikill skortur er á námsefni er styðja við læsi heyrnarskertra og heyrnarlausra barna á leikskólaaldri. Verkefnið gekk vel og mikill áhugi innan leikskólans að halda samstarfinu áfram. Tækifæri til að styrkja stöðu læsi með námsgögnum og auðvelda aðgengi þeirra með því að vera í samstarfi við Samskiptamiðstöð Heyrnarlausra og heyrnalausra. Tækifæri að halda áfram samstarfi og styðja við læsi leikskólabarna.

Hvað var metið?	Vísindaheimsóknir frá nemum við Háskóla Íslands
Hvernig fór matið fram?	Ákveðið var að bjóða nemum á Menntasviði og nemum í táknmálsfræði og táknmálstúlkun við Háskóla Íslands í heimsókn til að kynna hvaða starfsemi fer fram hjá okkur í Sólborg vegna sérþekkingu á íslensku táknmáli. Þátttaka var góð. Heimsóknirnar voru þrjár og komu þroskaþjálfaranemar, leikskólakennaranemar og táknmálsfræðinemar í 3 mismunandi heimsóknum. Metin var þátttaka og hverju það skilaði sér til okkar innan leikskólans. Þátttaka var góð en aðeins var boðið upp á 20 manns í hverri heimsókn. Útskriftarnemar hafa sótt um vinnu eftir að hafa komið í heimsókn. Við ætlum að halda áfram að bjóða í heimsóknir og kynna þar starf sem fram fer í Sólborg.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendur
Helstu niðurstöður mats	Mikil ánægja er meðal þeirra sem að komu í heimsókn og hefur það skilað sér í umsóknum um störf. Áætlað er að halda áfram að bjóða upp á heimsóknir fyrir nema HÍ og bæta við nemum í talmeinafræði.





Ytra mat

Hvað var metið?	Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar 2025-2026
Hvernig fór matið fram?	Könnun frá Reykjavíkurborg send með netpósti til allra starfsmanna.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<u>Styrkleikar</u>: Erum á góðum stað en það eru ákveðin svið þar sem bæta til að ná topp einkunn. <u>Tækifæri</u> eru til að fínstilla þá þætti er snúa að álagi starfsfólks og upplýsingaflæðis. Hefur sú vinna hafist með samskiptarsáttmála og fyrirlestrum um jákvætt viðhorf. Einnig heldur starfsfólkið áfram í vottun Reykjavíkurborgar á Regnbogavottun.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Samábyrgð og samvinna starfsfólks
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að starfsfólk vinni sem ein held og einbeiti sér að góðum samskiptum og aðstoði þegar þörf er á milli deilda. Launsniðamiðuð hugsun og jákvæðni að leiðarljósi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við erum öll fyrirmyndir í samskiptum og viðhorfum varðandi daglegt starf, samskipti og jákvæðni í starfi. Að allir gangi í takt og vinni saman að sameiginlegum markmiðum skólans með opnum hug.
Ábyrgð	Stjórnendur, deildastjórar og allt starfsfólk
Hvenær og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026- júlí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið á ársfjórðungs fresti á deildastjórafundum
Viðmið um árangur	Starfsandi og samvinna í starfsþróunaviðtölum við stjórnendur verður góður mælikvarði á hvernig gengur. Sem og starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar.





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Þróunarverkefni um „Opinn skóla“ uppeldis- og menntastarf þar sem lögð er áhersla á samvinnu og samþættingu, flæði milli svæða og sjálfsprottin leik og sköpun
Tækifæri til umbóta	Breytingar voru gerðar á opinn skóli í vetur. Breytingar voru gerðar þar sem áhyggjur voru að erfitt væri að tryggja málumhverfi allra barna. Starfsfólk upplifði að ekki rétti afslappað andrúmsloft á morgnanna þar sem áhugi á þátttöku barna hafði minnkað og upplifðu þau mörg kvöð þess að hafa opið dagskipulag á hverjum degi. Því var gerð breyting og í stað allra morgna eru núna 1-2 í viku vinadagar eða viðburðir í sal þar sem allir eru saman. Á vinadögum þá eru börnin hvött til að heimsækja aðra deildir og leika sér og taka þátt í leik og starfi þar. Það hefur gengið vel og virðast börnin áhugasamari að taka þátt þegar það er sérstakur dagur. Á viðburðum í sal, skiptast deildir á að halda utan um viðburði t.d. söngstund, setja upp leikrit, lesa eða fara í leiki öll saman. Þetta hefur reynst mjög vel og eru börn og starfsfólk ánægð með breytinguna. Stefnt er á að börnin séu örugg í umhverfinu, aukin dugnað og áhuga. Stefnt er að halda slíku fyrirkomulagi áfram og kynna börnunum fyrir ævintýrum, bókmenntun og skemmtun þar sem íslenska og íslenskt táknið fær að njóta sín með þátttöku barna og starfsfólks.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Til að halda vel utan um verkefnið verða ákveðnir dagar þar sem þessir uppbrotsdagar verða. Það er skipulagt í byrjun hvers skólaárs hvaða deildir sjá um dagskrá á viðburðum og bjóða. Einnig eru vinadagar fastir í starfi allra deilda.
Ábyrgð	Deildastjórar og stjórnendur





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í lok ágúst og lýkur í júní fyrir sumarlok.
Hvenær og hvernig á að meta?	Starfið er metið á reglulegum deildastjórafundum sem eru 1x í viku með stjórnendum skólans. Einnig fá elstu börnin að taka þátt í hugmyndavinnu um hvað væri skemmtilegt að gera á viðburðum í sal og þegar boðið er í heimsókn á deildir.
Viðmið um árangur	Skoðað er að kennurum hvernig þátttaka barna er á vinadögum og á sameiginlegum stundum í sal. Fylgst er með að málumhverfi sé gott s.s. táknmál og íslenska.

**Stjórnun- uppeldis og menntastarf,
mannauður/leikskólabragur-
innra mat**

Umbótaþáttur/matsþáttur	Táknmálstúlkun
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Við vorum á síðasta ári með tvo táknmálsstúlka í húsinu. Núna hefur aðeins verið einn. Það er mikið og strempið verkefni og oft þurft að kaupa utan að komandi þjónustu sem er bæði dýrt og hefur áhrif innanhúss.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stefnt er að því að fjölga túlkum svo að álagið, gæði og undirbúningu túlkunar verði til hins betra.
Ábyrgð	Stjórnendur og táknmálstúlkur
Hvenær hefst og hvenær llok?	Júní 2026 – september 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið hefur verið álagið á táknmálstúlkinn og þau fjöldi verkefna sem þarf að túlka hverju sinni í daglegu starfi sem og þau verkefni sem að leikskólabörnin taka þátt í á vegum borgarinnar, sbr. Barnamenningarhátíð. Táknmálstúlka notendur hafa líka skilað inn sínum athugasemdum.
Viðmið um árangur	Viðmið á árangri verður gerður á reglulegum fundum með táknmálstúlki, táknmálsteymi og stjórnendum.





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Þróunarverkefni í samstarfi við Samskiptamiðstöð Heyrnarlausra og Heyrnarskertra (SHH): Læsi á íslensku táknmáli - ÍTM söguskjóða
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Þróa kennsluaðferðir sem styður við læsi leikskólabarna með íslenskt táknmál ásamt námsefni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útbúa söguskjóðu, Gullbrá og birnir þrír, táknmálsbók. Þróa og búa til táknmálsmyndir sem eru skýrar og aðlaðandi fyrir börnin.
Ábyrgð	Samábyrgð og samstarf er milli SHH og Sólborgar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Upphaf ágúst 2025 – lok, ágúst 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Efnið prófað af kennurum Sólborgar og SHH, skráðar og síðan metnar í áföngum yfir skólaárið með ígrundun og samræðum táknmálsteymis Sólborgar ásamt kennara og verkefnisstjóra frá Samskiptamiðstöð. Þetta var gert fjórum sinnum í ferlinu í teymisfundavikum Sólborgar í september, nóvember, febrúar og einn fundur eftir í maí/júní. Einnig verða samræður við börnin og foreldra þeirra um sögustundir með söguskjóðunni.
Viðmið um árangur	Umsagnir SHH og starfsfólk Sólborgar sem prófar efnið í starfi með börnunum. Einnig viðtöl við börnin.



4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og apríl 2026, skiptu leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri með sér starfsmannahópnum. Í starfsmannasamtölum var spurt út í hvernig vinnan hefði gengið í vetur, hvernig samvinna, samskipti og stjórnun væru innan deilda og stjórnun skólans. Rætt var um verkefni og vinnu viðkomandi starfsmanns, hvernig þau hefðu gengið og hvort viðkomandi vildi halda áfram með þau verkefni eða óskir um önnur verkefni. Einnig var farið inn á símenntun fyrir næsta skólaár. Spurt var um starfsánægju og líðan hjá starfsmanni. Síðan var farið í að ræða hvernig viðkomandi sæi fyrir sér næsta vetur í starfi. Hvort hann væri með einhverjar óskir eða ábendingar sem hann vildi koma á framfæri. Viðtölin gengu vel og almenn ánægja meðal starfsfólks á vinnustaðnum og þau verkefni sem þau taka sér fyrir hendur.

Helstu niðurstöður: Starfsfólk finnur fyrir meiri ró og hæglæti innan skólans. Almenn ánægja er með stjórnun skólans og þau verkefni s.s. vinadagur og viðburðir á sal í hverri viku, táknmálskennslu fyrir starfsfólkið. Starfsfólkið sótti ýmis námskeið tengd sérkennslu, fjölmenningu, stjórnun og almennu leikskólastarfi, einnig ýmsa fyrirlestra. Hér fyrir neðan er listi um námskeið, fyrirlestra og hópefli sem ýmist allt starfsfólk sótti eða ákveðnir hópar.

- *Táknmálsnámskeið 1 x í viku fyrir starfsfólk allt skólaárið.*
- *Íslensku námskeið fyrir starfsfólk með annað móðurmál en íslensku.*
- *Nýliðanámskeið fyrir nýtt starfsfólk leikskóla*
- *Námskeið um matvælaöryggi, allir starfsmenn*
- *Skyndihjálp frá Rauða Krossinum*
- *Ýmis fræðsla inn á Torginu*
- *Fjarnám í leikskólafræðum*
- *Fjarnám við University of Los Angeles, í atferlisfræði einhverfa barna*
- *Táknmálsfræði og táknmálstúlkun við Háskóla Íslands*
- *Öryggisnámskeið fyrir tengilið öryggisvarna leikskólans*
- *Fyrirlestrar um hæglæti og jákvætt viðhorf, áhrif þess á vinnumhverfi og líðan.*
- *Yoga námskeið til að styðja við eigið hæglæti og ró*
- *Regnbogafræðsla fyrir allt starfsfólk frá Reykjavíkurborg*

Á komandi starfsári verða fyrirlestrar og námskeið á starfsdögum. Ekki er komin endanleg ákvörðun fyrir alla dagana en von er á að klára Regnbogavottun Reykjavíkurborgar.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Kennsla fyrir starfsfólk í íslensku táknmáli heldur áfram að vera 1x í viku allt skólaárið. Einnig hvetjum við starfsfólk með annað móðurmál en íslensku að sækja íslenskunámskeið. Bæta starfsumhverfi og vinnuanda með því að halda virkum samskiptarsáttmála og klára Regnbogafræðslu og þannig koma í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks. Starfsdagar verða notaðir til ýmis konar fræðslu en ekki er komin endanleg niðurstaða um hvaða fræðsla verður boðið upp á, en markmiðið er að bæta starfsumhverfi, auka starfsánægju og það að ábyrgð hvers og eins er að vera þátttakandi í skapa gott vinnuumhverfi. Einnig verður boðið upp á fræðslu um íslenska táknmáli annað hvort frá Félagi Heyrnarlausra eða Háskóla Íslands.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf milli skólastiga er mikilvægt svo tryggja megi eðlilega samfellu í námi barnsins. Samstarf þetta felst í upplýsingamiðlun og gagnkvæmum heimsóknum barna og kennara á milli skóla. Hlíðaskóli er hverfisgrunnskóli Sólborgar og er samstarf leik- og grunnskóla með hefðbundnum hætti þ.e. elstu börnin fara í reglulegar heimsóknir í grunnskólann og frístundamiðstöðina. Börnum með sérþarfir er fylgt nánar eftir í grunnskólann.

Samstarf við Hlíðaskóla gekk vel. Það var skipulagsfundur haustið 2025. Það er komin góð festa í heimsóknirnar þar sem skipulag og umgjörð er mjög góð. Börnin kynntust leik og starfi fyrsta bekkjar og fengu að skoða skólann. Einnig komu 1. bekkingar í heimsókn í Sólborg. Samstarf við Eldflaugina gekk einnig vel, heimsóknirnar eru tvær á vorönn.

7. Foreldrasamstarf

Lykillinn að vellíðan barna í leikskólanum er farsælt og gott samstarf milli kennara og foreldra. Í upphafi skólagöngunnar eru foreldrum veittar upplýsingar um að skólinn starfi samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla og Farsæld barna. Út frá Aðalnámskrá var útbúin námskrá fyrir leikskólann og starfsáætlun sem eru endurskoðaðar árlega og er hvor tveggja aðgengilegt á heimasíðu skólans.

Áhersla er lögð á að gefa foreldrum tíma og hlusta vel á hvað þeir hafa fram að færa ásamt því að starfsfólk veiti þeim ráð og stuðning. Mikilvægt er að bera virðingu fyrir stöðu allra foreldra. Allt upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Dagleg samskipti eru mjög mikilvæg, þegar komið er með börnin eða þau sótt. Gagnkvæm upplýsingagjöf til og frá foreldrum og kennara er mikilvæg til að barninu líði sem best og þörfum þeirra mætt í daglegu starfi.



Skipulagt foreldrasamstarf er með eftirfarandi hætti:

- Kynning fyrir nýja foreldra að vori með stjórnendum skólans. Skólinn kynntur, Farsæld barna ofl.
- Foreldraviðtal með kennara barnsins áður en byrjað er í aðlögum. Barna eru meðal annars farið yfir almennar upplýsingar um barnið, þátttökuaðlögun og óskir foreldra varðandi áherslur og væntingar til skólans.
- Kynningafundir að hausti með öllum foreldrum hverra deilda þar sem starf vetrarins er kynnt og skráningum „Ég um mig“.
- Foreldraviðtöl fara fram að hausti og vori.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru sex, tveir eru hálfir dagar eftir hádegi og tengjast þeir sumarlokun og opnun leikskólans eftir sumarlokun. Þrír skipulagsdagar eru sameiginlegir með Hlíðaskóla, þeir dagar eru merktir í sviga sem sameiginlegir. Skipulagsdagar eru merktir með gulu og eru eftirfarandi: ½ dagur 7. ágúst, 24. ágúst, 30. september (sameiginlegur), 4. janúar, 5. febrúar (sameiginlegur), 27. apríl (sameiginlegur), ½ dagur 6. Júlí. Skráningardagar eru merktir með bláu.

Leikskóladagatal 2026 - 2027											
Nafn leikskóla: Sólberg											
AGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 M	1 F	1 S	1 F	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 M	1 F
2 S	2 F	2 M	2 S	2 M	2 L	2 M	2 F	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 L	3 M	3 S	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 F	4 F	4 S	4 M	4 F	4 S	4 F	4 F	4 S	4 M	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 M	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 M	6 S	6 M	6 L	6 L	6 L	6 F	6 F	6 S	6 M
7 F	Opnun eftir sumarloki 2026 kl 12:30	Hauskynning aðlið barna	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 M	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 L	8 L	8 M	8 F
9 S	9 M	9 F	9 S	9 L	9 M	9 F	9 F	9 M	9 M	9 L	9 M
10 M	10 F	10 L	10 M	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 F	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 M	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 M	12 F	12 M	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 L	13 M	13 M	13 F	13 M	13 S	13 M
14 F	14 M	14 F	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 S	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 M	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 L	16 M	16 F	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 M	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 F	18 M	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 M	18 F	18 S
19 L	19 L	19 M	19 F	19 L	19 M	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 M	20 F	20 S	20 M	20 F	20 F	20 M	20 F	20 S	20 M
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 F	22 F	22 S	22 M	22 L	22 M	22 M	22 F	22 L	22 M	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 F	23 L	23 M	23 M	23 F	23 M	23 F	23 L
24 M	24 F	24 L	24 M	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 M	25 M	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 M	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 L	27 M	27 M	27 F	27 M	27 S	27 M
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 F	29 F	29 S	29 M	29 L	29 M	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F
30 S	30 M	30 F	30 M	30 F	30 L	30 M	30 M	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M	31 L	31 M	31 F	31 M	31 S	31 M	31 M	31 F	31 M	31 L	31 L

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld tækka ekki vegna þessa. Skráningardagur í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vísun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraáráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allit sumarloki eða loki samfelld í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.



9. Þróunarverkefni

Þróunarverkefni með áherslu á læsi á íslensku táknmáli heldur áfram í samstarfi við fagaðila en lok fyrsta verkefnis um Gullbrá og birnina þrjá lýkur við upphaf þessa skólaárs og í framhaldi af því tekur við verkefnið um Dýrin okkar, þar sem hugað er að yngstu börn leikskólans. Verkefnið er styrkt af Rannís. Leikskólinn Sólborg tekur þátt í þessum þróunarverkefnum með því að leggja til aðstoð og þekkingu í formi starfsfólks með sérþekkingu á námi táknmálsbarna á leikskólaaldri ásamt öðru sem að við getum aðstoða með í formi aðgengis fyrir prófun kennslugagnanna.

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins Þróunarverkefni í samstarfi við Samskiptamiðstöð Heyrnarlausra og Heyrnarskertra (SHH): Læsi á íslensku táknmáli - ÍTM söguskjóða, Gullbrá og birnirnir þrír	Samstarfsaðilar Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Leikskólinn Sólborg	Hver styrkir? Rannís 2025- 2026
Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins Þróunarverkefni í samstarfi við Læsisbrunn, Leikskólinn Sólborg og Samskiptamiðstöð Heyrnarlausra og Heyrnarskertra (SHH): Læsi á íslensku táknmáli - ÍTM söguskjóða, Dýrin okkar.	Samstarfsaðilar Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Læsisbrunnur	Hver styrkir? Rannís 2026-2027





10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat yngri og eldri deilda 2025-2026

10.1.1 Styrkleikar yngri og eldri deilda

Styrkleikar yngri deilda: Vel skipulagt starf með fjölbreyttums tarfsmannahópi. Við skiptum hópnum upp í litla hópa, þannig að ró og friður sé til leiks og starfa. Við leggjum áherslu á að kennarar séu nálægir í leik, þannig að þau finni fyrir nánd okkar. Við leggjum áherslu á vináttuna og samskiptin í hópnum, lærum að skiptast á vinna saman. Markmiðið er að börnin verði örugg, glöð og taki framförum við leik og störf.

Styrkleikar eldri deilda: Táknmálið er á góðri leið og starfsfólk duglegt að æfa sig og fær góða leiðsögn frá döfð starfsfólki deildanna. Starfsfólk deildarinnar vinnur vel saman og samræmir starfsaðferðir sínar og hjálpast að. Hópastarf hefur gengið vel og börnin una sér vel í minni hópum.

Tækifæri til umbóta yngri: Skólaárið hefst á aðlögun þar sem ný börn koma í þátttökuaðlögun og eldri aðlagast milli deilda. Við styðjum við og eflum börnin í leik og námi, hvetjum til sjálfstæðis og gerum þau örugg í að treysta eigin hugmyndum og löngunum. Hlúum að umhverfi sem umvefur börnin og þeim líður vel í og gefum þeim tækifæri til að blómstra félagslega með jafnöldrum sínum og hvetur til félagamennningar. Höldum áfram að efla táknmálið í frjálsumleik og skipulögðu starfi.

Tækifæri til umbóta eldri: Kynna fyrir nýjum starfsmönnum mikilvægi leiksins og vera til staðar í leik, vera sýnileg. Halda áfram að hlúa að leik barna og þar með námi, gera enn betur varðandi táknmálið og hafa hendur á lofti.



10.2 Umbótaáætlun yngri deildar 2026-2027

Deild/aldur barna	Yngri börn
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis og menntastarf – læsi í gegnum leikinn
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin fái tíma og tækifæri til þess að ná flæði í leik í fjölbreyttum aðstæðum ytri og innri. Það er úti jafnt sem inni með fjölbreytt leikefni og fjölbreyttu félagavali.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skapa umhverfi sem er áhugavert og hvetjandi. Aðstoða börnin ef þess þarf með nærveru starfsmanna og inngripi og/eða hvatningu.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið á deildar – og teymisfundum reglulega yfir skólaárið.
Viðmið um árangur?	Metið af starfsfólki deildanna í umræðuformi á deildarfundum.

Deild/aldur barna	Eldri börn
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis og menntastarf – Læsi í gegnum leikinn
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin fái tíma og tækifæri til þess að ná flæði í leik í fjölbreyttum aðstæðum ytri og innri. Það er úti jafnt sem inni með fjölbreytt leikefni og fjölbreyttu félagavali.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skapa umhverfi sem er áhugavert og hvetjandi. Aðstoða börnin ef þess þarf með nærveru starfsmanna og inngripi og/eða hvatningu.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið á deildar – og teymisfundum reglulega yfir skólaárið.
Viðmið um árangur?	Metið af starfsfólki deildanna í umræðuformi á deildarfundum.



Deild/aldur barna	Eldri börn
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis og menntastarf - Táknmálstundir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin öðlist frekari færni í táknmáli.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með skipulögðum stundum, í hóp með döff kennurum.
Ábyrgð	Deildarstjórar og döff starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Reglulegar umræður á deildarfundum og teymisfundum.
Viðmið um árangur?	Huglægt mat döff á táknmálsstundum og virkni barnanna.

Deild/aldur barna	Yngri börn
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis og menntastarf - Táknmálstundir
Tækifæri til umbóta	Að börnin kynnist táknmáli og geti nýtt sér það í samskiptum við döff í leikskólanum.
Aðgerðir til umbóta	Börnin sitja reglulega skipulagðar táknmálsstundir auk þess sem þau eiga samskipti við döff starfsmenn og læra því táknmál við allar athafnir daglegs lífs í leikskólanum.
Ábyrgð	Deildarstjórar og döff starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Verður metið reglulega yfir skólaárið á deildar- og teymisfundum.
Viðmið um árangur	Huglægt mat þeirra starfsmanna sem eiga hvað mest samskipti við börnin á táknmáli á skólaárinu.

Deild/aldur barna	Yngri og eldri börn
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis og menntastarf – sjálfshjálp og sjálfsöryggi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla og bæta færni barna við sjálfshjálp.





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Afturvirk keðjun
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Hefst í ágúst, mat fer fram í desember, mars, maí og reglulegum deildarstjórafundum.
Viðmið um árangur	Hversu vel barninu næst að framkvæma síðasta verkþrepið í framkvæmdarkeðjunni fyrst og svo bætist reglulega við keðjuna t.d. renna upp, byrjar að klára síðasta spölin og svo færast framkvæmdin sem barnið sér um að því að það getur framkvæmd að renna upp alveg sjálfstætt.

F. h. leikskólans Sólborg

Ingibjörg Vilbergsdóttir, 13. maí 2026
Leikskólastjóri Dagsetning





11. Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa: Edda Sigríður Sigfinnsdóttir, Eiður Sveinn Gunnarsson, Eva Baldursdóttir, Malen Rún Eiríksdóttir og Þórunn Birna Guðmundsdóttir

Umsögn foreldraráðs

Foreldrafélag leikskólans Sólborgar hefur farið yfir starfsáætlun fyrir starfsárið 2025–2026. Starfsáætlunin er að mati foreldrafélags aðgengileg og skýr. Foreldrafélagið telur að starfsáætlunin veiti foreldrum góða innsýn í daglegt starf leikskólans og þau gildi sem skólinn stendur fyrir. Sérstaklega er ánægjulegt hversu skýrt komið er inn á sérstöðu Sólborgar sem sérhæfðs leikskóla í íslensku táknmáli, auk þess sem fjallað er ítarlega um táknmálsumhverfi, hlutverk táknmálstúlka, fjölmenningu, málörvun og sérkennslu. Þá gefur áætlunin góða yfirsýn yfir samstarf við foreldra, skráningar og upplýsingagjöf, svo sem í gegnum „Ég um mig“, foreldrafundi og viðtöl.

Engar athugasemdir eru gerðar við þá skipulags- og vetrarleyfisfisdaga sem lagðir eru til. Foreldrafélagið hvetur áfram til þess að fjöldi stöðugilda táknmálstúlka verði aukið í tvö gildi.

Foreldrafélagið þakkar stjórnendateymi Sólborgar og starfsfólki fyrir faglegt og vandað starf og hlakkar til áframhaldandi samstarfs á komandi starfsári.

F.h forráðamanna og foreldrafélagsins í Sólborg

Edda Sigríður Sigfinnsdóttir

Eiður Sveinn Gunnarsson

Eva Baldursdóttir

Malen Rún Eiríksdóttir

Þórunn Birna Guðmundsdóttir



